

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra þriðjudaginn 15. apríl 2008 í máli

nr. S-24/2008:

Ákærvaldið

(Eyþór Þorbergsson fulltrúi)

gegn

X

(Ólafur Rúnar Ólafsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 14. 3., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 10. 1. 2008, á hendur X,

„fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa, aðfaranótt miðvikudagsins 27. desember 2006, á veitingastaðnum 1929, Strandgötu [...], Akureyri, slegið [A] í höfuðið með glerflösku, er við það brotnaði, með þeim afleiðingum að hann hlaut þrjá skurði á enni.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Bótakrafa:

Af hálfu [A], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 312.056 auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 27. desember 2006 en dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá 29. apríl 2007 til greiðsludags.“

Ákærði krefst sýknu en til vara vægustu refsingu er lög leyfa. Verjandi hans krefst hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

Samkvæmt lögregluskýrslu er upphaf máls þessa það, að kl. 03:43 aðfaranótt 27. desember 2006, kom A á lögreglustöðina á Akureyri og vildi kæra X, ákærða í máli þessu, fyrir líkamsárás sem framin hefði verið fyrr um kvöldið á veitingastaðnum 1929. Hefði ákærði lamið sig í andlit svo skurður hefði opnast á vinstri augabrún. Kærandi hefði farið á slysadeild þar sem fimm spor hefðu verið saumuð í augabrúnina. Var kæranda bent á að hafa samband að nýju á dagvinnutíma ef hann vildi leggja fram formlega kæru og kvaðst hann hafa það í hyggju. Hinn 2. janúar 2007 kom A á lögreglustöðina á Egilsstöðum og kærði ákærða fyrir líkamsárás sem hann hefði orðið fyrir á veitingastaðnum 1929 á Akureyri, aðfaranótt 27. desember fyrra árs. Hefði ákærði þar slegið A með bjórflösku af stærstu gerð.

Í málinu liggur fyrir vottorð B, læknis á handlækningadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Í því segir að A hafi komið á sjúkrahúsið klukkan 02:32 umrædda nótt. Um ástand hans og aðhlyningu segir svo: „Hann var vankaður við höggið en rotaðist ekki, kom á Slysadeild u.þ.b. 30 mín síðar. Þá kvartaði hann ekki um höfuðverk eða svima, engin taugakerfiseinkenni og sérstaklega ekki skerðing á heyrn eða sjón, ekkert jafnvægisleysi. Hann hafði 3 skurði á enni á bilinu 1 ½ til 3cm og var hætt að blæða úr þeim við komu. Skurðirnir voru saumaðir í staðdeyfingu án vandkvæða. Það var ekki ástæða til sérstakra myndgreiningarrannsókna þar sem ekki var merki um taugakerfisskaða og sérstaklega ekki miðtaugakerfisáverka. Gera verður ráð fyrir því að skurðir þessir hafi gróið vel en sjúklingi var ráðlagt að leita heimilislæknis í saumatöku. Gera verður ráð fyrir því að slíkur áverki hafi engin langtíma eftirköst önnur en þau að ætíð verður ör þar sem skurðirnir voru.“

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði kvaðst hafa verið á umræddum skemmtistað, við barinn hjá dansgólfinu, og þar hefði hann lent í rifrildi við A, en þeir væru gamlir kunningjar. Þessu rifrildi hefði lokið með því að A hefði skallað ákærða í andlitið sem hefði svarað ósjálfrátt með því að kýla A til baka í höfuðið, það hefði sjálfsagt ekki verið rétt af sér, en þetta hefðu verið ósjálfráð viðbrögð og kvaðst ákærði líta á höggið á A sem sjálfsvörn. Að svo komnu hefðu dyraverðir stöðvað átökin og hefði A verið vísað af staðnum. Ákærði kvaðst ekki muna hvort högg það er hann hefði greitt A hefði verið þungt. Ákærði kvaðst stórefast um að hann hefði verið með flösku í hönd, enda nýkominn af dansgólfinu. Ákærði kvaðst hafa fengið smávægilegar blóðnasir þegar A skallaði hann, en ekkert gert með það heldur haldið áfram að skemmta sér þar á staðnum. Ákærði kvaðst ekki muna til þess að A hefði hlotið áverka úr sennu þeirra og kvaðst efast um að áverkar á honum væru af sínum völdum. Einni til tveimur klukkustundum síðar hefði A komið aftur á staðinn og hlaupið beint að ákærða og þeir tekið að rífast að nýju, en ekkert meira orðið úr því nema einhver peysutog þó A hefði verið mjög æstur.

Vitnið A sagðist hafa verið í um 10 mínútur á umræddum skemmtistað þegar hann hefði hitt ákærða, sem hefði verið að drekka úr bjórflösku af Thule-tegund. Hvor hefði horft í átt til hins en vitnið svo litið utan og gengið frá. Hefði vitnið þá ekki vitað fyrr en flaska kæmi í andlit sér, hálfslitra bjórflaska af Thule-tegund, fyrir ofan vinstra gagnauga, og er vitnið hefði tekið fyrir andlitið hefði það fundið að

fossblæddi úr andlitnu. Peysa og buxur vitnisins hefðu verið alsett blóði. Vitnið neitaði því alfarið að það hefði átt einhver upptök að átökunum, svo sem með því að slá eða skalla til ákærða. Vitnið kvaðst þvert á móti ekki hafa komið nálægt ákærða. Vitnið sagði að ákærði hefði verið „mjög ruglaður á því“ og sjálfsgagt ekki með öllu vitað hvað hann gerði.

Vitnið kvaðst ekki hafa misst meðvitund þó litlu hefði mátt muna. Ákærði hefði því næst tosað í vitnið, sem hefði náð að losa sig. Vitnið hefði því næst gengið inn í mannþröngina og þar hefði strákur, D að nafni, staðið í vegi fyrir því að ákærði næði að þrífa til vitnisins. Áður hefði kona vitnisins reynt að stöðva ákærða, en hann ýtt henni burt. Hún hefði staðið tvo til þrjá metra frá átökunum. Dyraverðir hefðu ekki séð átökin og engin afskipti haft af vitninu. Vitnið hefði farið bakatil, þrifið andlitið og séð að skurðirnir væru tveir eða þrír. Þá hefði vitnið ekið á sjúkrahús þar sem það hefði verið saumað, en vitnið hefði verið alsgátt. Næst hefði vitnið farið á lögreglustöðina og greint frá málavöxtum. Hefði sér verið sagt að koma daginn eftir, en þá hefði vitnið verið farið úr bænum og því gefið skýrslu á Egilsstöðum.

Frá lögreglustöðinni hefði vitnið farið á sama skemmtistað að nýju en þá hefði ákærði komið aftan að vitninu og tekið það hálstaki. Vitnið hefði náð að losa sig úr takinu og dyraverðir hefðu þá vísað ákærða út.

Vitnið sagðist hafa talið sig og ákærða mjög góða vini, en greinilega hefði ákærði ekki verið sömu skoðunar. Í samtali, eftir þessa atburði, hefði ákærði sagt að vitnið hefði valdið tjóni á bifreið ákærða, þegar þeir voru saman að keyra á henni og vitnið við stýrið.

Vitnið kvaðst bera ör í andliti eftir átökin. Þá hefði gullhálsfesti, sem vitnið hefði borið, slitnað af og týnzt.

Vitnið staðfesti undirritun sína á lögregluskýrslu, sem skrifuð var 2. janúar 2007.

Vitnið C, sambýliskona A, bar vitni og þýddi Ólafur Rafn Jónsson, dómtúlkur, spurningar og svör. Vitnið sagðist hafa verið með A á skemmtistaðnum. Vitnið hefði staðið á dansgólfinu og þaðan hefði hún séð að um fimm metra frá henni var maður sleginn með bjórflösku, af Thule-tegund, og hefði flaskan brotnað við höggið. Hefði vitnið séð mann taka flöskuna þar sem hún hefði staðið nær tómm á borði. Á því andartaki hefði vitninu ekki verið ljóst hver varð fyrir högginu en þó hefði vitnið séð móta fyrir hvítum bol, samskonar þeim sem A hefði verið í.

Örfáum mínútum áður hefði vitnið jafnframt séð mennina horfast í augu. Vitnið hefði hins vegar ekki séð A slá til ákærða og taldi að það hefði vitnið gert, ef A hefði haft einhver upptök að átökunum. Vitnið hefði farið til mannanna og hefði ákærði verið bæði reiður og ögrandi og spurt A hvort hann vildi meira af svo góðu. A hefði kropsið og haldið um höfuðið. Annar maður, vinur A, hefði komið og sagt ákærða að láta A lausan. A hefði verið með djúpan skurð við augabrún og mikið blætt úr. Vitnið hefði farið með A á snyrtingu og þrifið sárið, en svo mikið hefði blætt úr að þau hefðu ákveðið að fara með hann á sjúkrahús og hefði A ekið. Eftir aðhlyningu á sjúkrahúsinu hefðu þau farið aftur á skemmtistaðinn, þó með viðkomu á lögreglustöð. A hefði farið þar inn, en vitnið beðið fyrir utan en heyrt A

og lögregluna tala saman á íslenzku sem vitnið hefði ekki skilið.

Þegar á skemmtistaðinn hefði verið komið að nýju, hefðu hafizt nýjar ryskingar og ákærði tekið að elta A. Vitnið hefði ekki verið nálægt þegar þær hefðu hafizt en hefði þá hraðað sér til A. Ákærði og A hefðu verið ógnandi hvor við annan, en engin högg gengið á milli þeirra. Loks hefði dyravörður skilið þá að. Þau A hefðu að þessu búnu yfirgefið staðinn. Vitnið kvaðst hafa spurt A hvernig staðið hefði á þessum átökum þeirra, og hann svarað því til að þeir ákærði þekktust frá fornu fari. Þeir hefðu horfzt í augu en svo hefði ákærði tekið flösku og slegið A.

Vitnið D kvaðst hafa verið á skemmtistaðnum á umræddum tíma. Vitnið hefði staðið langt frá þeim stað er þeim Aog ákærða hefði lent saman og hefði vitnið ekki séð þau átök. A hefði komið hlaupandi að vitninu og ákærði á eftir. Vitnið hefði stöðvað ákærða og þeir tekið að tala saman. Nánar spurt kvaðst vitnið ekki hafa þurft að stöðva ákærða, þeir hefðu einfaldlega farið að spjalla saman. Þá taldi vitnið, nánar spurt, að ákærði hefði ekki verið að elta A. Eitthvað hefði blætt úr andliti A, fyrir ofan aðra hvora augabrún. Vitnið sagði að einhvern tíma um kvöldið, eftir að þeir ákærði höfðu spjallað saman, hefði A sagt sér að ákærði hefði slegið sig með flösku. Vitnið taldi að dyraverðir hefðu ekki haft nein afskipti af ákærða eða A.

Vitnið E sagði að A hefði verið mikið utan í ákærða á skemmtistaðnum og hefði ákærði ekki haft neinn áhuga á þeim samskiptum og ítrekað beðið A um að hafa sig á brott. Síðar hefði vitnið staðið aðeins fjær þeim og þá hefði þeim hefði lent saman. Þeir hefðu eitthvað verið að tala saman og þá hefði A skallað ákærða og þá hefði ákærði „ýtt í hann til baka“. Vitnið kvaðst hins vegar ekki hafa séð A fá högg í andlitið, en þarna hefði verið mikil mannþröng.

Vitnið sagði að ákærði hefði ekki haldið á flösku.

Vitnið sagðist vera vinkona ákærða og hafa verið vinkona A áður fyrr, en nú byggji hann utan bæjar og þau væru ekki í neinu sambandi. Taldi vitnið að „flest öllum í þessum bæ“ líkaði „ekkert voðalega vel“ við A.

Vitnið sagðist ekki hafa orðið vart við að dyraverðir hefðu haft afskipti af aðilum, en hefði heyrt að A hefði verið með læti utanhúss fyrr um kvöldið.

Vitnið F sagðist hafa staðið einn og hálfan til tvo metra frá ákærða og A, og hafa séð átök þeirra. A hefði veitt ákærða tvö högg, fyrst hnefahögg í andlit og svo annað sem vitnið myndi ekki hvort hefði verið veitt með sparki eða skalla, og ákærði hefði kýlt á móti. Því næst hefði A verið „dreginn út“. Síðar um kvöldið hefði A aftur verið kominn á staðinn og sjálfsagt verið hent út aftur.

Vitnið kvaðst hafa verið búíð að drekka fjóra til fimm bjóra þegar þarna var komið sögu. Vitnið taldi að svipað mætti segja um ákærða en vitnið kvaðst ekki vant því

að telja drykki ofaní vini sína. Vitnið sagðist hins vegar muna til þess að ákærði hefði ekki verið með bjórflösku þegar þessir atburðir urðu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð áverka á ákærða og ekki tekið eftir því hvort A hefði hlotið nokkura.

Vitnið staðfesti undirskrift sína á lögregluskýrslu og kvað rétt sem í henni kæmi fram. Sérstaklega voru borin undir vitnið þau orð, sem eftir því voru höfð í skýrslunni, að „[A] kemur til [X] og það upphafst einhver skætingur á milli þeirra. Þetta endar með því að [A] skallar [X] í andlitið og sparkaði til hans að mig minnir, en [X] svaraði fyrir sig með því að kýla [A] í andlitið.“ Vitnið sagði að þessi frásögn væri rétt, sig hefði misminnt fyrir í þinghaldinu, en upphaf átakanna hefði verið að A hefði skallað ákærða.

Vitnið G sagðist hafa verið við störf sem dyravörður á skemmtistaðnum umrædda nótt. Vitnið sagðist ekki hafa séð átök þeirra ákærða og A en hefði komið að undir lok þeirra. Vitnið og aðrir dyraverðir hefðu haft afskipti af þeim en vitnið sagðist ekki muna til þess að öðrum hvorum hefði verið vísað af staðnum. Á staðnum hefði hins vegar verið rætt um það um kvöldið að maður hefði verið laminn í andlitið með flösku.

Vitnið sagðist ekki getað lýst hugsanlegum áverkum á A þar eð hann hefði haldið fyrir andlit sér, en blóð hefði verið á staðnum.

Vitnið H sagðist hafa verið að dansa á skemmtistaðnum og hafa þá séð þá ákærða og A sem hafi verið eitthvað að rífast. Hefði A þá skallað ákærða, sem hefði kýlt til hans á móti. Vitnið treysti sér ekki til að fullyrða hvort skallinn eða höggið hefðu hitt í mark, en engin glerflaska hefði komið við sögu. Því næst hefði þeim verið stíað í sundur, en vitnið sagðist ekki muna hverjir hefðu gert það.

Niðurstaða

Ákærði hefur frá upphafi verið staðfastur í þeim framburði að upptök átaka þeirra A hafi verið þau að A hafi skallað ákærða sem þá hafi, sem ósjálfrátt, svarað fyrir sig með hnefahöggi. Fyrir dómi hélt ákærði þessum framburði til streitu og taldi að um sjálfsvörn hefði verið að ræða. Jafn ákveðið hefur vitnið A verið í sínum framburði, að ákærði hafi fyrirvaralaust greitt sér högg með bjórflösku.

Framburður ákærða fær eindregna stoð í framburði vitnanna E, F og H sem öll bera með sama hætti um það atriði að A hafi átt upptök að átökunum með því að skalla ákærða, og vitnin E og H bera auk þess að ákærði hafi ekki verið með flösku í hönd. Þá er haft eftir F í lögregluskýrslu að hann hafi ekki orðið var við að flösku væri beitt í átökunum, en F staðfesti umrædda skýrslu sína fyrir dómi og kvað efni hennar rétt.

Gagnstæðan vitnisburð gefur á hinn bóginn vitnið C sem lýsir átökunum með svipuðum hætti og vitnið A. Hún er sambýliskona A, en aftur á móti eru vitnin E og F vinir ákærða og vitnið E virtist auk þess ekki hafa vitnið A í sérstökum hávegum. Engin þessara tengsla þykja hins vegar leiða til þess að ekki verði litið til framburðar vitnanna.

Eins og áður segir liggur fyrir í málinu vottorð B, lækni á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, um áverka á A. Ákærvaldið fór hins vegar ekki þá leið að kalla lækinn til vitnisburðar og hefur lækinn því ekkert borið fyrir dómi um áverka á A við komu á sjúkrahúsið eða líklegar orsakir þeirra. Þá hefur lækinn ekki staðfest vottorð sitt fyrir dóminum.

Ekkert er fram komið um að ákærði hafi orðið fyrir líkamstjóni í átökunum.

Þegar horft er til framburðar vitnanna E og H verður niðurstaða dómsins sú, að þrátt fyrir framburð vitnanna A og C hafi ákærvaldinu ekki tekizt, gegn eindreginni neitun ákærða, sönnun þess að ákærði hafi slegið A í andlitið með flösku. Það sem eftir vitninu F er haft í lögregluskýrslu, er vitnið staðfesti fyrir dómi, styrkir þessa niðurstöðu. Þó vitnið G segist hafa heyrt nefnt um kvöldið að gestur hafi verið laminn flösku í höfuðið, þykir það ekki breyta þessari niðurstöðu. Sama á við um þann framburð vitnisins D að A hafi síðar um kvöldið sagt sér að ákærði hefði slegið A með flösku. Verður ákærði því ekki sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur sem áður segir allt frá upphafi sagzt hafa slegið A hnefahögg í andlit. Sannað er með þeim framburði ákærða sem fær stoð í framburði vitnanna E, F og H, að það hafi hann gert. Þegar litið er til framburðar þessara vitna verður, í sakamáli þessu, þrátt fyrir gagnstæðan framburð vitnanna A og C, við það að miða að A hafi átt upptök að því að ákærði greiddi honum umrætt hnefahögg. Af þessum sökum verður ekki fullyrt með vissu að A hafi hlotið alla þá áverka sem í ákæru greinir af völdum þess höggs sem sannað er að ákærði veitti honum, þótt telja verði að hann hafi hlotið slíka að heimfæra beri háttsemi ákærða undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, en með vísan til 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 verður háttsemi ákærða heimfærð undir þá lagagrein.

Ákærði hefur sagzt líta á högg það er hann greiddi A sem ósjálfráð viðbrögð í sjálfsvarnarskyni. Á það verður ekki fallizt, jafnvel þó ekki yrði útilokað að A hefði áður skallað ákærða, eins og ákærði hefur borið. Ekkert liggur fyrir um það í málinu, að ákærði hafi mátt líta svo á að svo hættuleg árás vofði yfir sér að sér væri nauðugur sá kostur að slá frá sér með þeim hætti sem hann hefur viðurkennt að hafa gert.

Verður samkvæmt framanrituðu að álíta að ákærði hafi með höggi því, sem sannað hefur verið að hann hafi greitt A, brotið gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og unnið sér til refsingar.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður hins vegar að líta þess, sem miða ber við um upptök átakanna, samanber 3. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga, þó aðstæður hér þyki ekki með þeim hætti að refsing ákærða verði felld niður. Þá verður einnig litið til þess að hann hefur frá upphafi aldrei dregið dul á að hafa framið þá háttsemi sem hann er nú fundinn sekur um. Sakaferill ákærða er með þeim hætti, að því er hér skiptir máli, að ákærði var hinn 16. febrúar 2007 dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga. Var sá dómur hegningarauki við 30.000 króna sekt sem honum var gerð með viðurlagaákvörðun í nóvember 2006 vegna fíkniefnalagabrots. Þá var hann hinn 8. maí 2007 dæmdur til greiðslu 180.000 króna sektar fyrir

umferðarlagabrot. Brot það sem ákærði er nú fundinn sekur um framdi hann hinn 27. desember 2006 og verður honum því ákveðin refsing nú sem hegningarauki samanber 78. gr. almennra hegningarlaga jafnframt því sem refsing samkvæmt framangreindum dómi 16. febrúar 2007 verður tekin upp og dæmd með þeirri sem honum verður nú ákveðin.

Refsing ákærða er samkvæmt öllu framanrituðu ákveðin fangelsi í þrjá mánuði sem bundið verður almennu skilorði eins og nánar greinir í dómsorði.

Í málinu hefur Eva Dís Pálmadóttir héraðsdómslögmaður gert fyrir hönd A kröfu um að ákærði yrði dæmdur til greiðslu bóta, alls að fjárhæð kr. 312.056.

Samkvæmt gögnum málsins sundurliðaðist sú krafa þannig að krafa um endurgreiddan útlagðan kostnað nam 37.978 krónum, krafa um miskabætur nam 200.000 krónum, krafa um lögmannspóknun 59.500 krónum og krafa vegna virðisaukaskatts á lögmannspóknun nam 14.578. Í kröfubréfi sínu, dags. 29. marz 2007, gerði lögmaðurinn fyrirvara um fjárhæð lögmannspóknunar ef kæmi til mætinga fyrir dómi eða málflutnings og yrði þá sá hluti kröfunnar hækkaður. Við aðalmeðferð málsins lagði lögmaðurinn fram nýjan reikning að því leyti og var hann um lögmannspóknun að fjárhæð 155.950 krónur, virðisaukaskatt af lögmannspóknun 38.208 krónur og akstur 37.062, en alls nema þessar fjárhæðir 231.220 krónum.

Eins og áður segir, þá hefur orðið sú niðurstaða, að miða verði við, í sakamáli þessu, að A hafi átt upptök að átökum þeirra ákærða, þó ákærði hafi allt að einu verið sakfelldur fyrir brot á 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga vegna síns þáttar í átökunum. Er það álit dómsins, að meiri málflutnings hefði verið þörf um kröfu A, sem hefði þá getað leitt í ljós hvort og þá hversu mikla bótaskylda áverka og annað tjón hann kann að hafa hlotið af völdum og á skaðabótaábyrgð ákærða.

Má í því sambandi hafa í huga, sem áður hefur komið fram, að lækni sá, sem hlúði að A við komu á slysadeild, hefur ekki verið leiddur fyrir dóminn, hvorki til að vitna um áverka á A og hugsanlegar orsakir þeirra, né til að staðfesta vottorð um þá. Af þessum sökum og með vísan til 5. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 verður eins og hér stendur á bótakröfum A í heild sinni vísað frá dómi í sakamáli þessu.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Rúnars Ólafssonar héraðsdómslögmanns, sem alls ákveðast 140.000 krónur og hefur þá verið litið til reglna um virðisaukaskatt. Annar sakarkostnaður nemur alls 25.640 krónum. Dómsuppsaga hefur dregizt vegna anna.

Þorsteinn Davíðsson kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Ákærði, X, sæti fangelsi í þrjá mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og niður skal hún falla að liðnum þremur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 samanber 4. gr. laga nr. 22/1955.

Bótakröfum A er vísað frá dómi.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Rúnars Ólafssonar
héraðsdómslögmanns, 140.000 krónur, og annan sakarkostnað, 25.640 krónur.